



**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis**

**Reykjavík, 25. nóvember 2019**

**Varðar: Frumvarp til laga um tekjuskatt (frádráttur vegna gjafa og framlaga), 293. mál**

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur kynnt sér ofangreint frumvarp til laga og fagnar framlagningu þess.

Það er mikilvægt að tekið sé tillit til framlaga atvinnulífsins til íþrótt- og æskulýðsmála. Starf hreyfingarinnar hefur skilað miklum árangri á sviði forvarna, lýðheilsu og vellíðan, ekki síst hjá börnum og unglingum og hefur góður árangur vakið athygli út fyrir landsteinana.

Íþróttafélög og samtök þurfa oft að reiða sig á framlög frá fyrirtækjum og mun samþykkt frumvarpsins án efa hvetja atvinnulífið enn frekar til að styrkja íþróttahreyfinguna.

Auknir styrkir til íþrótt- og æskulýðsstarfs munu efla starf íþróttafélaganna og stuðla að bættri lýðheilsu í landinu.

Ef óskað er eftir nánari upplýsingum þá erum við tilbúin að mæta á fund nefndarinnar.

**Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri

